

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Melabraut, Hvanneyri, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Melahverfi á Hvanneyri. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði nyrst og austast í útjaðri þéttbýlis á Hvanneyri. Skipulagssvæðið, sem er um 5,7 ha að stærð, afmarkast af beitolandi prestssetursins Staðarhóls til vesturs, Melabraut til norðurs, Grímarsstaðavegi til austurs og beitolandi Landbúnaðarháskólans til suðurs. Aðkoma er frá Melabraut sem tengist þéttbýli Hvanneyrar til vesturs og Grímarsstaðavegi til austurs. Gert er ráð fyrir 21 lóð á svæðinu og eru þær á bilinu 1.518–2.258 m² að stærð. Tvær lóðir eru þegar byggðar þ.e. við Melabraut 6 og 10. Engar athugasemdir bárust á auglýsinga- og athugasemdatímabili.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 23. nóvember 2018.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. desember 2018